



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 2021

2103044SA KB/sas
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um fjármálaáætlun 2022-2026

Lög um opinber fjármál mæla fyrir um að fjármálaáætlun skuli leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem hófst í fyrra og óvissu um þróun efnahagsmála var ákveðið að endurskoða fjármálastefnu og seinka framlagningu fjármálaáætlunar. Alþingi samþykkti endurskoðun á fjármálastefnu og var ný stefna samþykkt á þingi í byrjun september. Endurskoðuð fjármálastefna og fjármálaáætlun voru lagðar fram samhliða fjárlagafrumvarpi, sbr. lög nr. 59/2020. Fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var samþykkt 17. desember sl. og fjárlög daginn eftir.

Fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 var lögð fram 22. mars 2021. Áætlunin er óvenjuleg að því leyti að henni fylgja ekki greinargerðir ráðuneyta um markmið í einstökum málaflokkum sem verið hefur meginstefnumörkum í fjölmörgum málum er sveitarfélög varða miklu. Ástæða þessa er annars vegar hversu skammt er síðan fjármálaáætlun 2021-2025 var samþykkt og hins vegar að alþingiskosningar hafa verið boðaðar 29. september nk. Ljóst er að fjárlagafrumvarp 2022 verður lagt fram af núverandi ríkisstjórn á grundvelli þeirrar ríkisfjármálastefnu sem kynnt er í fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 og þeim markmiðum í einstökum málefnasviðum sem eru í áætlun 2021-2025.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga

Í 11. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að ríki og sveitarfélög skuli við mótun fjármálaáætlunar gera samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Slíkt samkomulag náðist í lok september sl. Þar var m.a. samið um að stöðva hækkun skulda hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu fyrir árslok 2025. Gildir sú stefnumörkun einnig fyrir sveitarfélögin eins og fram kemur í samkomulaginu. Með samkomulaginu skuldbindur sambandið sig til að kynna þetta ákvæði fyrir sveitarfélögum og mælast til að þau virði samkomulagið. Sambandið hefur ekki boðvald yfir einstökum sveitarfélögum.

Samkomulag varð um mikilvæg verkefni sem aðilar hyggjast vinna að í sameiningu. Má þar nefna heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. En einnig sannmælast aðilar um að skoða kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk, innheimtuþóknun útsvars og að vinna að endurmati á útgjöldum vegna hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.

Í ljósi þess hversu skammt er liðið síðan síðasta samkomulag var gert var ákveðið að framlengja samkomulagið með gildistíma 2022-2026. Fjármála- og

efnahagsráðuneytið framlengir áætlanir um afkomu og efnahag sveitarfélaga fyrir tímabilið. Framreikningur ráðuneytisins styðst að nokkru leyti við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, en rétt er að benda á að samþykktar fjárhagsáætlanir sveitarfélaga ná aðeins fram til ársins 2025.

Í tengslum við gerð samkomulagsins í haust gaf ríkisstjórnin út mikilvæga yfirlýsingu. Þar lýsti ríkisstjórn því yfir að hún muni standa við bakið á sveitarfélögum svo sem unnt er. Til viðbótar hét stjórnin framlögum vegna málefna fatlaðs fólks, fjárhagsaðstoðar, aðstoðar við sveitarfélög sem standa höllum fæti og til stefnumörkunar um sjálfbærni.

Þjóðarbúskapurinn og opinber fjármál

Kórónuveiru kreppan sem nú ríður yfir er ein dýpsta kreppa sem riðið hefur yfir á lýðveldistíma. Horfur í efnahagsmálum fóru mjög versnandi þegar leið á árið 2020 eftir því sem faraldur kórónuveirunnar reyndist útbreiddari og þrálátari en ætlað var í fyrstu. Í sumarspá hagstofu var reiknað með 8,7% samdrætti landsframleiðslu 2020 og verulegum viðsnúningi 2021 með 4,9% hagvexti. Atvinnuleysi spáði hagstofa að yrði 8,2% í fyrra og 6,8% í ár.

Til að veita viðnám við þessum samdrætti var nauðsynlegt að grípa til peningalegra aðgerða sem og sértækra aðgerða í opinberum fjármálum. Auk þess var ljóst að sjálfvirk sveiflujöfnun opinberra fjármála myndi leiða til verulegs halla hjá hinu opinbera. Forsenda þess að beita mætti opinberum fjármálum í hagstjórnarskyni var að endurskoða fjármálastefnuna og víkja tímabundið til hliðar fjármálareglum opinberra fjármála og fjármálareglum sveitarstjórnarlaga. Í lögum nr. 20/2020 var sveitarfélögum heimilað að víkja til hliðar síðarnefndu reglunum allt til ársins 2022 og nýverið samþykkti Alþingi frumvarp um framlengingu heimildarinnar til ársins 2025.

Samkvæmt fjármálaáætlun nema sértækar aðgerðir ríkissjóðs 2020 og 2021 um 190 ma.kr. og sjálfvirk sveiflujöfnun um 205 ma.kr. Innspýting inn í þjóðarbúskapurinn nemur þannig alls 395 ma.kr. Áætlað fjármála- og efnahagsráðuneyti að sértækar aðgerðir hafi minnkað samdrátt landsframleiðslu um 1,5% árið 2020 og lagt til aukin hagvöxt sem nemur nær 2% árið 2021. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 319 ma.kr. (10% af VLF) í ár og um 223 ma.kr., 6,6% af landsframleiðslu. Afkoma sveitarfélaga er metin neikvæð um rösklega 35 ma.kr. í ár, samanborið við 17 ma.kr. í fyrra og 28 ma.kr. 2022.

Fjármálaáætlun 2022-2026 fjallar fyrst og fremst um hagstjórnarhlutverk hins opinbera innan þess ramma sem lög um opinber fjármál setja. Þessi afmörkun þýðir að aðaláhersla fjármálaáætlunar er hvernig búskapi hins opinbera verður komið á ný undir fjármálareglur frá og með árinu 2026. Áætlunin felur í sér kröfu um afkomubætandi aðgerðir – hvort sem er á tekju- eða útgjaldahlið hins opinbera – sem nemur 34 ma.kr. árlega árin 2023-2025. Hlutur sveitarfélaga er skv. áætluninni 4 ma.kr. og ríkisins 30 ma.kr.

Samdráttur landsframleiðslu frá 2019 til 2020 nam skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands 6,6% sem er umtalsvert minni samdráttur en spáð var um mitt síðasta ár. Á hinn bóginn eru horfur á þessu ári mun verri en ætlað var sumarið 2020. Spáir

hagstofa nú 2,6% hagvexti í stað 4,9% í fyrri spá. Atvinnuleysi var 6,4% í fyrra og spáir hagstofa að það hækki á þessu ári upp í 7,8% í ár.

Grunnsviðsmynd áætlunarinnar er þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 22. mars sl. Þar sem gert er ráð fyrir komu 720 þúsund erlendra ferðamanna í ár og tæplega 1,3 milljóna á því næsta. Í fyrrnefndri sumarspá hagstofu var reiknað með komu um milljón ferðamanna í ár og hafa áætlanir um þessa lykilsösendu farið nokkuð lækkandi. Eftir því sem á þetta ár líður er ástæða til að efast um að þessi spá um ferðamannastrauminn rætist. Í áætluninni eru birtar tvær aðrar sviðsmyndir. Sú svartsýnni gerir ráð fyrir mun færri ferðamönnum en í grunnsviðsmynd eða um 300 þúsund. Sú bjartsýnni felur í sér að framleiðni muni aukast væntanlega fyrir tilstuðlan nýrra hátæknigreina í útflutningi. Þetta er svona: „þetta reddast“ sviðsmynd. Rætist svartsýnni sviðsmyndin verður róðurinn þungur í opinberum fjármálum og afkomubætandi aðgerðir verða 50 ma.kr. á ári. Róðurinn verður léttur ef bjartsýnni sviðsmyndin verður ofan á og afkomubætandi aðgerðir lækka niður í 12 ma.kr. á ári.

Horfur um atvinnuleysi eru dökkar og mikið áhyggjuefni. Sagan segir að atvinnuleysi gengur hægt niður jafnvel þótt hagvöxtur taki að glæðast. Samkvæmt grunnsviðsmyndinni verður atvinnuleysi um 5% í lok áætlunartímabilsins og við blasir verulegt langtímaatvinnuleysi. Kostnaður af því verður ekki síst borinn af sveitarfélögum. Atvinnuleysi yrði 0,8-1,5% meira gangi svartsýnni sviðsmyndin eftir, en 0,5% minna rætist sú bjartsýna. Ákall er um að efla vinnumarkaðsaðgerðir og áhersla lögð á að bæta hag þeirra sem eru án atvinnu

Rétt er að vekja athygli á hversu óréttlátlega byrðum samdráttarins er skipt á landsmenn. Kaupmáttur launa hækkaði að meðaltali um 3,4% frá 2019 til 2020 skv. Hagstofu Íslands. Kaupmáttur var um 6% meiri á fyrstu tveimur mánuðum 2021 en á sama tímabili í fyrra. Í fjármálaáætlun koma hins vegar fram dæmi um lækkun ráðstöfunartekna atvinnulausra um 13-14%. Nauðsynlegt er að koma myndarlega til móts við þá sem misst hafa atvinnuna og fjölskyldur þeirra.

Mikilvægt er að læra af reynslunni og samanburður í áætluninni á efnahagsaðgerðum nú og á árunum kjölfar hruns miðar að því. Sú kreppa sem nú er við að glíma er eðlisólík þeirri sem við var að etja í kjölfar hruns. Hrunið var fyrst og fremst víðtæk skuldakreppa þar sem svigrúm til aðgerða í ríkisfjármálum var ekki til staðar. Til viðbótar miðaðist efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við að ná hratt jöfnuði milli frumtekna og -gjalda ríkissjóðs. Kreppan núna stafar af tekju bresti í ferðaþjónustu, en svigrúm til aðgerða hvort sem er í peningamálum eða ríkisfjármálum er mun meira en var í kjölfar hruns. Báðar þessar kreppur eru alþjóðlegar. Það er umhugsunarefni að samdráttur sýnist hvergi meiri en á Íslandi. Jafnframt var hagvöxtur óvíða meiri árin á milli þeirra. Það er brýnt verkefni hagstjórnar að draga úr þessum óhóflegu sveiflum í þjóðarbúskapnum.

Fjármál sveitarfélaga

Tölur um fjármál sveitarfélaga í áætluninni eru á sk. þjóðhagsreikningsgrunni. Það uppgjör vikur í verulegum mæli frá uppgjöri sveitarfélaga þar sem ársreikningalögum er fylgt. Uppgjörið kemur frá Hagstofu Íslands. Sveitarfélögin hafa um langt skeið kvartað yfir því að uppgjörið sé ógagnsætt og á skorti tengingu

við ársreikninga sveitarfélaga. Uppgjörið er aðeins til fyrir sveitarstjórnarstigið í heild en ekki fyrir einstök sveitarfélög. Fyrir vikið verður fjármálaáætlun ekki sá vegvísir um fjármál sveitarfélaga sem lög um opinber fjármál ætlast til.

Í mars 2020 beindi sambandið tilmælum til sveitarfélaga um að ráðast í margvíslegar aðgerðir til að örva þjóðarbúskapinn. Sveitarfélögin brugðust ágætlega við og hrintu ýmsum aðgerðum í framkvæmd. Meðal annarra aðgerða sem sambandið beindi til sveitarfélaga var að flýta stofnframkvæmdum. Vísbendingar eru um að það hafi ekki gengið eftir sem skyldi.

Ársreikningar sveitarfélaga 2020 liggja senn fyrir og kemur þá í ljós hvernig þróunin hefur verið. Ljóst er að vegna Covid-19 seinkaði undirbúningi ýmissa framkvæmda og óvissa um fjármögnun og aðkomu ríkisins lögðust á sömu sveif. Ýmsar aðgerðir ríkisins voru til þess fallnar að auka útsvarsstofn sveitarfélaga. Má þar einkum nefna hlutabótaleiðina og lengingu tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2021 bera hins vegar með sér áform um verulega aukningu í fjárfestingum. Samantekið er um að ræða fjárfestingar A hluta upp á 59 ma.kr. á þessu ári, sem er hækkan um 24% frá fjárhagsáætlun 2020. Áform um fjárfestingar í samstæðu A og B hluta hljóða upp á 100 ma.kr. í ár.

Þessi fjárfestingaráform verða að stærstum hluta fjármögnuð með lántöku, en við blasir að halli verður á rekstri margra sveitarfélaga sem jafna þarf með lántökum. Skuldir og skuldbindingar A-hluta munu hækka upp í 124% af tekjum í ár, gangi fjárhagsáætlanir eftir. Áformaður eru lántökur umfram afborganir upp á tæplega 45 ma.kr. Skuldir samstæðu A- og B-hluta verða 165% af tekjum samkvæmt fjárhagsáætlunum 2021.

Í fjármálaáætluninni er leitt fram með skýrum hætti að efnahagsleg áhrif opinberra fjárfestinga eru meiri en annarra opinberra útgjalda eða aðgerða á tekjuhlíð. Það er því afar mikilvægt að sveitarfélögum standi til boða viðráðanleg lánakjör til að standa við fjárfestingaáform sín.

Áhersluatriði sambandsins í einstökum málefnasviðum

Gildandi stefnu fyrir einstök málefnasviðum er að finna í samþykktri fjármálaáætlun 2021-2025 sem mun liggja til grundvallar fjárlagafrumvarpi í haust. Sambandið sendi ítarlega umsögn um fjármálaáætlun 2021-2025. Þar lagði sambandið höfuð áherslu á nokkra þætti og eru þeir dregnir saman hér með nokkrum viðbótum.

1. Aðkoma ríkisins að fjármálum sveitarfélaga

- *Nauðsynlegt er að styðja lánsfjármögnun sveitarfélaga í samvinnu við sambandið og fleiri aðila.*
- *Gerð er krafa um að þær stuðningsaðgerðir sem fram koma í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 30. september 2020 verði framlengdar til næsta árs, þ.e. 2022, og að þess sjáist stað í fjármálaáætlun og fjárlögum.*

- Sérstaklega verði fylgst með þróun og veittur stuðningur við sveitarfélög sem farið hafa fjárhagslega illa út úr heimsfaraldrinum vegna atvinnuleysis langt umfram landsmeðaltal.
- Veittur verði frekari stuðningur til sveitarfélaga, t.d. með endurgreiðslu útgjalda til fjárhagsaðstoðar og til að auka framlög jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk.
- Veittur verði frekari fjárhagslegur stuðningur við sveitarfélög til framþróunar í stafrænni þjónustu svo þau geti verið samstíga ríkinu í þeirri vegferð.

2. Áherslur um skattamál

- Innheimtubóknun vegna innheimtu staðgreiðslu útsvars verði lækkuð til samræmis við raunkostnað við innheimtuna.
- Sveitarfélögum verði tryggð aðkoma að greinargóðum upplýsingum um útsvarsálagningu og innheimtu útsvars í staðgreiðslu.
- Endurgreiðsluheimild VSK fyrir sveitarfélög verði útvíkkuð til að ná yfir öll mannvirki í eigu sveitarfélaga sem og til jarðvegsvinnu.

3. Áherslur um grunnskrár

- Átaks er þörf í margvíslegri tölfræði er viðkemur starfsemi sveitarfélaga.
- Endurskoða þarf tekjugrunn Þjóðskrár.

4. Áherslur í sveitarstjórnar – og byggðamálum

- Sambandið gerir kröfu um að ríkið greiði framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameininga sveitarfélaga á hverju ári fjármálaáætlunar.
- Nái lagasetning um raflínuskipulag fram að ganga þarf að hækka fjárheimild Skipulagssjóðs.
- Hraðað verði vinnu við að taka upp mánaðarlega álagningu fasteignaskatta.

5. Áherslur sambandsins í umhverfismálum

- Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir að ríkið fari fram með íþyngjandi kröfur á hendur sveitarfélögum í tengslum við framkvæmd brýnna innviðaverkefna á borð við fráveituf framkvæmdir og úrgangsmál.
- Slíkar kröfur geta m.a. torveldað að ná markmiðum í opinberum fjármálum og jafnvel unnið gegn þeim umhverfismarkmiðum sem að er stefnt.
- Sambandið leggur áherslu á að sóknaráætlanir landshluta og byggðaáætlun verði nýttar í þágu umhverfismála og fjárveitingar taki mið af því.

- Mikilvægt er að fjármagn fylgi auknum kröfum til sveitarfélaga um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlagast breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga.
- Sambandið telur nauðsynlegt að breytingar á kröfum um meðhöndlun úrgangs séu fyrirjáanlegar, kostnaðarmetnar og með raunhæfan aðlögunarfresti áður en kemur að gildistöku. Þannig fá sveitarfélög nægjanlegan tíma til að tryggja árangursríka innleiðingu.
- Kröfur um sérsöfnun úrgangs og aðrar kröfur sem gætu valdið kostnaðaraukningu þurfa að haldast í hendur við innleiðingu aukinnar framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Einnig telur sambandið að hlutdeild framleiðendaábyrgðar í heildarkostnaði við meðhöndlun úrgangs þurfi að aukast og skýrt verði hvaða útgjöldum sveitarfélaga, við söfnun og aðra meðhöndlun, framleiðendaábyrgð er ætlað að standa undir.

6. Áherslur sambandsins í fræðslumálum

- Sambandið leggur áherslu á að nægilegar fjárveitingar fylgi tilgreindum verkefnum sem stuðla að markmiðum sem settar hafa verið fram í fjármálaáætlun. Um er að ræða nýsamþykka menntastefnu til 2030, innleiðingu starfsnámsárs á lokaári kennaramenntunar, þjóðaráttak um læsi, ytra mat leik- og grunnskóla, starfsþróun kennara og skólastjórnenda, aukin gæði námsgagna og stóruka áherslu á stafræna þróun.
- Vakin er athygli á að nauðsynlegt er að Menntamálastofnun fái aukið fjármagn til að stofnunin geti sinnt auknum verkefnum sem starfshópar ráðuneytisins hafa lagt til, s.s. varðandi starfsþróun kennara, breytt samræmt námsmat og málefni barna með annað móðurmál en íslensku.
- Áhersla er lögð á að fjárheimild til tónlistarfræðslu hækki um 50 m.kr. í samræmi við tillögur samráðsnefndar.
- Gera verður ráð fyrir fjárheimildum til innleiðingar samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í skólastarfi.

7. Áherslur sambandsins í öldrunarmálum

- Hækka þarf daggjöld til hjúkrunarheimila án tafar um a.m.k. 2,5 ma.kr.
- Bæta þarf hjúkrunarheimilum að fullu þann kostnað og tekjutap sem þau hafa orðið fyrir vegna Covid-19.
- Í fjármálaáætlun þarf einnig að gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á fjármögnun öldrunarþjónustu.
- Sérstök framlög verði veitt sveitarfélögum svo þau geti stutt við heilsueflingu eldra fólks.
- Skv. fjármálaáætlun 2021-2025 lækka framlög til hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu (málefna svið 25) um 5 ma.kr. á milli ára 2023 og 2024. Ástæðan mun vera sú að uppbyggingaráætlun um hjúkrunar- og dvalarrými hefur ekki verið uppfærð. Gera verður athugasemd við þessa

aðferðafræði, enda augljóst að bæta þarf við rýmum vegna lýðfræðilegrar þróunar. Framlög til stofnkostnaðar ættu að lágmarki að standa í stað á milli ára í fjármálaáætlun og þannig gefið skýrt til kynna að svigrúm sé til uppbyggingar.

- Einnig þarf að gera ráð fyrir fjármagni til að dekkja kostnað hjúkrunarheimila sem hljótast mun af breyttu vaktavinnufyrirkomulagi sem taka á gildi þann 1.maí nk. og mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér.
- Taka þarf málefni yngri hjúkrunar sjúklinga inn í fjármálaáætlun og ætla fjármuni til uppbyggingar á úrræðum fyrir þann hóp enda óraunhæft að ætla yngra fólki að dvelja á öldrunarstofnunum.

8. Áherslur sambandsins gagnvart þjónustu við fatlað fólk

- Nauðsynlegt er að tryggja viðbótarframlög ríkisins, í fjárlögum og í fjármálaáætlun til að tryggja að þjónusta við fatlað fólk verði ekki skert.
- Óhjákvæmilegt er að gengið verði frá formlegu samkomulagi við ríkið um ábyrgðarskiptingu og fjármögnun út innleiðingartíma NPA þjónustu, þar sem jafnframt verði lagðar línur um framtíðarfyrirkomulag frá og með árinu 2023.
- Sambandið telur einnig ástæðu til að skoða þann möguleika að framlengja innleiðingartíma NPA, þannig að verkefnið verði áfram á sameiginlegri ábyrgð ríkis og sveitarfélaga til loka árs 2024.
- Hrint verði í framkvæmd tillögum um að endurskoða ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði þannig að hjálpartæki til langtímanotkunar verði alfarið á ábyrgð ríkisins.

9. Áherslur sambandsins í fjölskyldumálum

- Tryggja þarf fjármögnun í fjárlögum og fjármálaáætlun til innleiðingar fyrirhugaðra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Auka þarf gagnsæi í fjármögnun móttöku flóttafólks og ganga úr skugga um að sveitarfélögin fái fjármagn til að standa undir þeirri þjónustu sem þau inna af hendi í þágu flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd. Fyrirliggjandi greiningar benda eindregið til þess að sveitarfélögin séu að taka á sig verulega auknar byrðar vegna þjónustu í skólum, barnavernd og til aðstoðar við fatlaða einstaklinga í hópi flóttafólks.
- Vaxandi straumur flóttafólks til landsins hefur m.a. áhrif á útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum þessi útgjöld yfir tveggja ára tímabil og hefur endurgreiðslan vaxið úr liðlega 500 m.kr. árið 2019 í 1.600 m.kr. árið 2020. Fjármálaáætlun verður að endurspegla þessi útgjöld en jafnframt verður að taka tillit til þess að sveitarfélög standa áfram undir útgjöldum vegna aukinnar fjárhagsaðstoðar eftir að tveggja ára endurgreiðslutímabili lýkur.

10. Áherslur sambandsins um atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð

- Nauðsynlegt er að horfa á samhengi fjárhagsaðstoðar og bótatímabils atvinnuleysisbóta. Útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar mun þróast í veldisvexti á næstu árum að óbreyttu. Við því má bregðast með því að ríkið komi með myndarlegum hætti að fjármögnun fjárhagsaðstoðar og með lengingu bótatímabils atvinnuleysisbóta, ásamt félagslegum aðgerðum sem stutt geta við fjölskyldur atvinnulausra.
- Þörf fyrir markvissar og fjölbreyttar vinnumarkaðsaðgerðir verður mikil næstu árin til að forða fjöldaatvinnuleysi, en ekki síður til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Í fjármálaáætlun þarf að koma fram með skýrum hætti hver stefnan er og til hvaða aðgerða verður gripið á næstu árum.

11. Áherslur sambandsins um opinberan húsnæðisstuðning

- Lögð er áhersla á að öll tækifæri séu nýtt til þess að ná fram samlegð og hagræðingu í stuðningskerfum meðal annars með sameiningu húsnæðis- og vaxtabóta.
- Útgjaldarammi húsnæðisstuðnings þarf að fylgja þróun lýðfræði og búferlaflutninga og taka verðlagsbreytingum.
- Hrint verði í framkvæmd tillögum um að endurskoða ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði þannig að hjálpartæki til langtímanotkunar verði alfarið á ábyrgð ríkisins.

Lokaorð

Fulltrúar Sambands Íslenskra sveitarfélaga vænta þess að fá tækifæri til að hitta fjárlaganefnd og gera nefndinni nánari grein fyrir áherslum í þessari umsögn.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri